

Ed.

626. Nefndarálit

um frv. til laga um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég hefi ekki getað orðið hv. meiri hl. menntamálanefndar samferða um afgreiðslu frv.

Hv. meiri hl. vill afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, en ég vil mæla með því óbreyttu, og byggji ég þá tillögu mína á hinni brýnu nauðsyn, er ég tel bera til þess, að konum í langfjölmennasta stað landsins verði séð fyrir hússtjórnar- og vinnuskóla, til undirbúnings þeim störfum, sem allajafna eru aðalhlutverk kvenna.

Þótt undarlegt megi virðast, stendur Reykjavík, höfuðstaðurinn, mun verr að vigi í þessum efnum en önnur og fámennari héruð landsins. Má benda á, að á Norðurlandi eru tveir hússtjórnarskólar starfræktir, sömuleiðis á Vesturlandi, og á Austurlandi er rekinn myndarlegur hússtjórnarskóli á Hallormsstað.

Í Reykjavík starfar aðeins litil hússtjórnardeild við kvennaskóla Reykjavíkur, og þótt þar sé völ á hinni beztu fræðslu og æfingu í öllu, sem lýtur að hússtjórn og heimilisstörfum, þá er sú fræðsla ófullnægjandi fyrir allan fjöldann, enda óhentugri bæjarstúlkum, þar eð deildin er heimavistaraskóli.

Dagskrártillögu meiri hl. sé ég mér ekki fært að samþykkja, þrátt fyrir þá viðurkenningu, sem í henni felst um þörfina á aukinni húsmæðrafræðslu í höfuðstaðnum. Sjái menn sér ekki fært að bæta úr þeirri þörf með öðru móti en því að breyta kvennaskólanum í hússtjórnarskóla — þ. e. leggja niður okkar gamla og góða kvennaskóla —, lízt mér, að stigið sé öfugt spor í þessu máli.

Kvennaskóli Reykjavíkur er þekkt og vinsæl stofnun, eins og aðsóknin til hans sýnir bezt. Getu menn samfærzt um það af nýjustu skýrslum skólans, og er ég þess fullviss, að vinsælt verður það ekki að leggja slíka stofnun niður.

Kvennaskóli Reykjavíkur er elzti kvennaskóli landsins, fyrstu sporin til sjálfstæðrar menntunar islenzkra kvenna. Þangað rekur því mörg konan allra fyrstu sporin sín á braut fræðslu og menningar, og þess hefir ávallt verið gætt við kvennaskóla Reykjavíkur, að hlynna að djúptækri menningu í hugum námsmeyjanna. Sextíu ára saga skólans segir bezt til um það, og mundi margur sakna vinar í stað, væri slík stofnun lögð niður, eða breytt samkvæmt þeirri ráðagerð, sem fram kemur í dagskrártillögu hv. meiri hluta.

Alþingi, 29. nóv. 1934.

Guðrún Lárusdóttir.